

Grisjun efnis úr safnkosti til eyðingar

Grisjun úr safnkosti BUHR fer fram með skipulögðum hætti árlega í desember og maí. Um grísjun sjá ábyrgðarmaður skráningar og bókaörður í tímaritahaldi að fengnu samþykki forstöðumanns sem ber ábyrgð á grísjun úr safnkosti BUHR. Utan þess tíma eru eintök bóka og tímarita sem af einhverjum ástæðum eru ónothæf fjarlægð eftir þörfum, þau send í viðgerð eða í bókband. Við árlega grísjun má fjarlægja efni sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Úrelt efni.
- Eldri útgáfur kennslubóka. Ekki skal geyma fleiri en 3 útgáfur sömu bókar nema sérstök ástæða sé til og þá aldrei fleiri en 1 eintak eldri útgáfu.
- Bækur sem ekki hafa verið lánaðar út s.l. 3 ár (óvirkur safnkostur), má taka til endurskoðunar og athugunar.
- Efni sem er eldra en 20 ára skal ávallt yfirfara og meta. Ábyrgðarmaður grísjunar skal kalla til sérfræðinga innan HR á viðkomandi fræðasviðum til að aðstoða við matið.¹
- Tímarit sem koma út vikulega og sem ekki eru fræðileg eru geymd síðastliðið ár í heild sinni, auk yfirstandandi árs.

Efni sem fjarlægt er úr safninu samkvæmt ofangreindum viðmiðunum skal hent en ekki flutt í geymslu. Samhliða grísjun skal eyða skráningu þessa safnkosts úr bókasafnskerfinu Gegni.

Grisjun efnis til geymslu

Forstöðumaður og ábyrgðarmaður skráningar velja efni til grísjunar úr safnkosti til geymslu og er þetta helst:

- Lokaritgerðir nemenda eldri en 5 ára.
- Efni sem talið er hafa sögulegt gildi (varðveislugildi).
- Eldri útgáfur textabóka þar sem það á við.
- Tímaritaárgangar fræðilegra tímarita eldri en tveggja ára.
- Tímaritaárgangar fræðilegra tímarita eldri en tveggja ára eru geymdir í nærgeymslu BUHR í Úranusi.

¹ Með fyrirvara um endurskoðun